



Reglur um heiðursviðurkenningar Golfsambands Íslands

1. gr.

Stjórn Golfsambands Íslands (GSÍ) skal veita einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og sveitarfélögum, viðurkenningar samkvæmt reglum þessum, er tilefni er til.

2. gr.

Heiðursviðurkenningar GSÍ skiptast í eftirfarandi flokka:

- Gullkross GSÍ
- Gullmerki GSÍ
- Silfurmerki GSÍ
- Heiðursskjal GSÍ
- Veggskjöldur GSÍ

3. gr.

Gullkross GSÍ veitist einstaklingum fyrir langvarandi og frábær störf í þágu golfhreyfingarinnar á Íslandi. Ekki mega fleiri en 10 manns bera krossinn hverju sinni.

4. gr.

Gullmerki GSÍ má veita einstaklingum sem innt hafa að hendi skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörf fyrir golfhreyfinguna í 15 ár eða lengur. Þó getur stjórn GSÍ veitt einstaklingi gullmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 15 ára starfi sé náð.

5. gr.

Silfurmerki GSÍ má veita einstaklingum sem unnið hafa gott og farsælt starf í þágu golfhreyfingarinnar í 10 ár eða lengur. Þó getur stjórn GSÍ veitt einstaklingi silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 10 ára starfi sé náð.

6. gr.

Heiðursskjal GSÍ má veita þeim sveitarstjórnnum sem skara fram úr við stuðning við golfhreyfinguna.

7. gr.

Veggskjöld GSÍ má veita golfklúbbum, héraðssamböndum, fyrirtækjum og öðrum aðilum við sérstök tækifæri þegar ástæða þykir til.

8. gr.

Tillögurétt um veitingu heiðursmerkja hafa stjórn og varastjórn GSÍ, framkvæmdastjóri GSÍ, stjórnir golfklúbba og stjórnir héraðssambanda. Tillögum skal fylgja yfirlit yfir störf viðkomandi innan golfhreyfingarinnar.



9. gr.

Forseti GSÍ skal að jafnaði afhenda ofangreindar heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaforseti eða framkvæmdastjóri eða aðrir þeir sem stjórn GSÍ ákveður.

10. gr.

Skrifstofa GSÍ skal skrá allar heiðursviðurkenningar GSÍ í sérstaka skrá.

Samþykkt á stjórnarfundum Gólf sambands Íslands 8. maí 2014.